



18. tbl. — Föstudagur 23. janúar 1970. — 54. árg.

Flúðu á annað þús. manns Ísland 1969?

KJ-Reykjavík, fimmtudag.
Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um mannfjölda á Íslandi 1. des. 1969, virðist svo sem að á annað þúsund manns hafi „flúð“ land frá því 1. desember 1968. Karlmennt hafa vinninginn hvað fjölda snertir, því að þeir voru 2.217 fleiri en kvenfólk 1. des. s. l., en mannfjöldinn var þá 203.395, og hafði aðeins fjölgað um 1.420 frá 1. des. 1968.


Árið 1968 fjölgaði íbúum landsins um 2.449, og þá var tala lifandi fæddra barna 4.199. Gert er ráð fyrir að tala lifandi fæddra barna sé svipuð 1969, og dánartalan sé sömu- leiðis svipuð bæði árin, svo það er ekki „pillan“ sem veldur því að íbúum landsins hefur fjölgað svona lítið, heldur brottflutningur fólksins af landinu, og þá einkum til Astralíu, má gera ráð fyrir. Hagstofan hefur boðað, að skýrsla um fólksflutninga til landsins og frá því á árinu 1969 verði birt í febrúarhefti Hagstofna, og þá mun það koma fullkomlega í ljós, hvað veldur því, að íbúum Íslands fjölgaði aðeins um 1.420 á s. l. ári.

81.354 íbúar í Reykjavík.
Í Reykjavík fjölgaði aðeins um 436 íbúa á árinu 1969, og voru þeir 81.354 1. des. Komur eru þar í meirihluta eða 41.577 á móti 39.777 karlmönnum. Á Akureyri varð hins vegar hlut fallslega mun meiri aukning, því þar fjölgaði um 221, og eru nú íbúarnir 10.551. Enn hefur Kópavogur samt vinninginn fram yfir Akureyri, að vera næst stærsti bær landsins, því þar voru 10.965 íbúar 1. des. s. l., og hafði fjölgað um 155 á árinu. Í Hafnarfirði fjölgaði um 390 á árinu, og voru íbúar þar 9529. Fámennasti kaupstaður landsins er Seyðisfjörður með 902 íbúa, og hafði fækkað um 20 á árinu. Aðrir kaupstaðir þar sem íbúum fækkaði, voru: Ísafjörður, íbúar eru 2.671, fækkaði um 17, Siglufjörður með 2.225 íbúa, fækkaði um 69 á árinu og í Neskaupstað fækkaði um tvo og þar eru nú 1.532 íbúar.

Arnessýsla er mannflesta sýslan, og munar þar mest um Selfoss, en þar eru 2.410 íbúar, og hafði fjölgað um 14.

Framhald á bls. 14.

Framsóknarmenn krefjast þess að TOLLAR VERÐI AFNUMDIR AF VÉL- UM OG TÆKJUM TIL IÐNAÐARINS 160 breytingartilögur fjárhagsnefndar við tollskrárfrumvarpið:



Prettán kaupstaðir færðu í dag Norræna húsinu veggteppi að gjöf. „Stormharpa“ er nafn teppisins og það tók listakonuna, Ásgerði Búadóttur 4 mánuði að vefa það úr íslenskri ull og hross-

hári. Myndin er tekin í dag, þegar Hjalmar Ólafsson bæjarstjóri í Kópavogi, afhenti þessa gjöf, frá 60 þúsund Íslendingum. Frú Elsa Sigurðsson veitti teppinu viðtöku í fjarveru Ivars Eske-

land. Þess má geta, að arkitekt hússins, Alvar Aalto gerði þegar í upphafi ráð fyrir, að veggteppi yrði í fundarsalnum. (Tímamynd — GE).

SKB-Reykjavík, fimmtudag.

Frumvarpið um tollskrá og fleira var til annarar umræðu í neðri deild Alþingis í dag. Annar minnihluti fjárhagsnefndar, Þórarinn Þórarinnsson og Vilhjálmur Hjálmarsson skiluðu séráliti og breytingartilögum við frumvarpið sem fela í sér að tollar á vélum og efni til iðnaðarinnar verði afnumdir með öllu og einnig beri að fella niður tolla á hliðstæðum vélum og tækjum til sjávarútvegs og landbúnaðar.

Þórarinn Þórarinnsson sagði, að mótæmi stjórnanarstöðunnar fyrir jólnin gegn því að ljúka afgreiðslu þessa viðamikla máls þá, hefði borið þann árangur, að frumvarpið væri nú miklu betur undirbúið en orðið hefði. Um 160 breytingartilögur hefðu borið við frumvarpið og þær muni lækka tolla um 30 millj., sem sé til hagsbóta fyrir iðnaðinn. Fjárhagsnefndir beggja þingdeilda hafi unnið sameiginlega að því að gera athugasir á þessu frumvarpi, sem hafi fyrst og fremst beint að því að samræma það þeim breytingum, sem leiddu af EFTA-aðildinni. Þeirri stefnu sé yfirleitt fylgt í frumvarpinu, að verndartollur lækki um 30% samkvæmt samningnum við EFTA. Tollar af hráefnum til iðnaðarinnar taldir lækkaðir um

Framhald á bls. 14.

SJÁ LEIÐARA

Íslendinga- þættir og efnisyfirlit

Ætlunin var að Íslendingaþættir fylgdu Tímanum í dag, en af því gat því miður ekki orðið. Hins vegar koma Íslendingaþættir næst út 30. janúar, og mun fylgja þeim efnisyfirlit yfir 1. og 2. árgang.

MARGRA MÁNAÐA BIÐ ER EFTIR AUGNAUPPSKURÐUM

SB-Reykjavík, fimmtudag.

Gláka er sá augnsjúkdómur, sem valdið hefur flestum blindu- tilfellum á Íslandi. Þótt gláka sé talin ólæknandi má halda henni niðri, eða stöðva hana, ýmist með lyfjum, eða skurðaðgerð.

Nú er það svo, að hér á landi er aðstaða til aðgerða við augnsjúkdómum alls ófullnægjandi. Augnsjúkdómadeild aðeins ein og biðlisti mjög langur. Þess eru dæmi, að sjúklingar þurfa að bíða mánuðum saman og jafnvel ár, eftir sjúkrarúmi.

Blaðið hafði tal af nokkrum augnlæknum, í því skyni, að komast að því, hve alvarlegt ástandið í málinu er, og hvað sé til bóta. Í svörum lækna kom fram, að hálfgerð vandræðaástand hefur verið í þessum málum, síðan Hvítubandið hætti störfum. Á

Landakotsspítala er starfandi ný augndeild, sem þó er ekki full- komin ennþá. Þar eru 5 lækmar og aðstaða til aðgerða, en skortur er á rúmi fyrir alla sjúklingana. Sjúklingar með alvarleg tilfelli af gláku ganga þó ávallt fyrir, en biðlistinn er langur og meðan beðið er, er reynt að halda sjúkdóminum í skefjum með lyfjum. Gláka er ekki hægt að lækna eftir að fólk er orðið blind, en yfirleitt mun hægt að stöðva hana á því stigi, sem hún finnst og gefa fólki sjónina í mörg ár fram yfir það sem annars yrði.

Emil Als, augnlæknir sagði að hér á landi væri alls ekki nægilega góð aðstaða til augnaðgerða og þessir 5 lækmar á Landakoti hefðu ekki þá aðstöðu, sem nauðsynleg væri á slíkri deild. — Hér vantar augnsjúkdómadeild,

sagði Emil, — og að mínu áliti, ætti hún að vera á aðalspítala landsins, sem er þá Landspítalinn. Ef þessir 5 lækmar hefðu nógu góða aðstöðu og sérþjálfað starfs- lið, þá myndi það vera nægilegt fyrir allt landið. Það er ekki einungis aðstaða til aðgerða og sjúkra- rúm, sem vantar í þessu sam- bandi, heldur einnig aðstaða til vísindastarfa og rannsókna á þessu sviði. — Ég vil segja, að þetta sé alls ófullnægjandi og úr þurfi að bæta hið allra fyrsta, sagði Emil Als að endingu.

Bergsveinn Ólafsson, einn þeirra augnlækna, sem starfa við Landakotsspítala, sagði, að það væri að vissu leyti rétt, að aðstaða væri ekki nægilega full- komin og einnig væri skortur á sjúkrarúmunum. — En við höfum Framhald á bls. 14.